

10
31. maí

Tilskipun

um

undanþágu frá lögum nr. 91, 14. nóvbr. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt lögum 31. maí 1922, um heimild til undanþágu frá lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi, höfum Vjer skipað svo fyrir sem nú segir:

1. gr.

Vín, sem ekki er í meira en 21% af vínanda (alkohol) að rúmmáli, skulu til loka Alþingis 1923 undanþegin ákvæðum laga 14. nóvbr. 1917, um aðflutningsbann á áfengi, um bann gegn innflutningi, veitingu, sölu og flutningi um landið. Undanþága þessi um aðflutning vína nær þó eingöngu til vína, sem eiga uppruna í löndum, sem veita bestu kjör fyrir íslenskan saltfisk.

2. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett ákvæði til varnar misbrúkun við sölu og veitingar þessara vína, þó mega ákvæði þessi ekki ganga svo langt, að þau geri að engu undanþágu vínanna frá ákvæðum aðflutningsbannlaganna.

3. gr.

Vegna eftirlits með óheimiluðum áfengisinnflutningi haldast óbreytt ákvæðin í lögum 14. nóvbr. 1917, um skyldu skipstjóra að tilkynna lögreglustjóra hve mikið áfengi og hvaða áfengi skipið hafi meðferðis, og um innsigln þess áfengis, sem ekki á að fara hjer í land.

Tilskipun þessi gengur í gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 31. maí 1922.

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Sig. Eggerz,